

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
150 Reykjavík

18. júní 2015

Efni: Umsögn um tvö lagafrumvörp - frumvarp til laga um stöðugleikaskatt (786. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (nauðasamningar) (787. mál)

Bankasýsla ríkisins þakkar efnahags- og viðskiptanefnd fyrir að vera veitt tækifæri til að koma á framfæri ábendingum um annars vegar frumvarp til laga um stöðugleikaskatt (786. mál) og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (nauðasamningar) (787. mál). Í ljósi þess að frumvörpin eru nátengd tekur umsögn þessi til þeirra beggja, en þó þannig að gerð er grein fyrir athugasemdum stofnunarinnar um hvort frumvarp fyrir sig hér á eftir.

Er vert að geta þess að stofnunin fagnar framlagningu beggja frumvarpa, enda virðast þau til þess fallin að stuðla að losun gjaldeyrishafta á farsælan hátt fyrir íslenskt samfélag.

Athugasemdir við frumvarp til laga um stöðugleikaskatt (786. mál)

Með frumvarpi þessu er lagt til að lagður verði á svonefndur stöðugleikaskattur sem renni í ríkissjóð. Að mati Bankasýslu ríkisins er fullt tilefni til að ráðast í lagasetningu af þessu tagi, enda ljóst að ríkissjóður hefur orðið fyrir miklum kostnaði með beinum og óbeinum hætti vegna bankahrunsins frá 2008.

Brýnt er að vanda til verka við veigamikla lagasetningu sem þessa. Bankasýsla ríkisins sér ástæðu til að fagna þeim vönduðu vinnubrögðum sem birtast í athugasemdum með frumvarpi til laganna, enda er þar að finna ítarlega umfjöllun um nauðsyn lagasetningarinnar.

Í 12. gr. frumvarpsins er vísað til þess að undanþága frá tilteknum ákvæðum laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál sé bundin því skilyrði að sýnt hafi verið fram á full skil á álögðum stöðugleikaskatti og að „málshöfðunarfrestur sé liðinn“. Hér er spurning hvort ekki sé rétt að efnahags- og viðskiptanefnd leggi til að tekið verði af skarið um málshöfðunarfrestinn í lagafrumvarpinu þannig að hann orki ekki tvímælis. Mælir Bankasýsla ríkisins með því að nefndin taki þetta álitæfni upp við frumvarpshöfunda á fundi nefndarinnar.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (nauðasamningar) (787. mál)


Í d-lið 2. gr. frumvarpsins kemur fram að í stað orðanna „samþykki 70 hundraðshluta“ komi „samþykki 60 hundraðshluta“. Að mati Bankasýslu ríkisins er þetta rökrétt breyting, enda er hún bæði til samræmis við það hlutfall sem nú er að finna í 49. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. auk þess sem efnisrök standa til þess að í svo fjölmennum kröfuhafahópi, sem stendur að kröfum í þau fjármálafyrirtæki sem riðuðu til falls haustið 2008 og næstu misseri, teljist samþykki 60 hundraðshluta fullnægjandi samþykki.

Í f-lið 2. gr. frumvarpsins er vísað til þess að með kröfu um staðfestingu nauðsamnings skuli fylgja mat Seðlabanka Íslands á efnahagslegum áhrifum frumvarps að nauðsamningi. Að mati Bankasýslu ríkisins væri rétt að áréttta að í þessum efnum skuli Seðlabankinn fylgja efnahagsstefnu stjórnvalda, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 3. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Málsliðurinn yrði þá svohljóðandi:

„Með kröfu um staðfestingu nauðsamnings fjármálafyrirtækis skal, auk þeirra gagna sem getið er um í 2. mgr. 54. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., fylgja mat Seðlabanka Íslands á efnahagslegum áhrifum frumvarps að nauðsamningi og áhrifum þess á stöðugleika í gengis- og peningamálum og á fjármálastöðugleika, en Seðlabankinn skal við mat sitt fylgja stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.“

Að öllu framangreindu virtu styður Bankasýsla ríkisins bæði frumvörpin, þó að teknu tilliti til þeirra minni háttar ábendinga sem settar eru fram í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,



Jón G. Jónsson, forstjóri